

Ávarp forseta Alþingis
við afhendingu *Íslenskrar tungu* í Alþingishúsinu
25. nóvember 2005

Forsætisráðherra,
utanríkisráðherra,
góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin til þessarar móttöku. Tilefnið er ærið. Í dag kom út þrjú merk fræðirit um íslenskt mál sem hlotið hefur nöfnin: Hljóð, Orð og Setningar. Ritstjórar og aðalhöfundar eru í röð bestu málfræðinga sem hér starfa, þau Guðrún Kvaran, Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason.

Þegar dró að 50 ára afmæli Lýðveldisins, 17. júní árið 1994 var ákveðið að Alþingi héldi hátíðarfund á Þingvöllum. Þar voru samþykktar tvær ályktanir, önnur um endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, en því máli lauk með stjórnarskrárbreytingu 1995. Hin var um stofnun sjóðs, Lýðveldissjóðs sem skyldi styrkja vistfræðirannsóknir á lífríki hafsins og verkefni sem væru til þess fallin að efla íslenska tungu.

Lýðveldissjóður starfaði á árunum 1995 til 1999. Hafrannsóknarmenn kynntu afrakstur rannsókna sinna nokkru eftir að starfstíma sjóðsins lauk með ráðstefnu en árangur verkefna sem íslensku-hluti sjóðsins styrkti birtist smám saman

Og nú kemur fyrir almenningssjónir síðasti áþreifanlegi árangur verkefnis sem Lýðveldissjóður styrkti, þrjú rit um íslenskt mál, mikil að vöxtum, sannarlega gott nesti fyrir nemendur, kennara, og raunar alla þá sem áhuga hafa á íslensku máli.

Á hátíðarfundinum á Þingvöllum 17. júní 1994 var samþykkt að verja 100 milljónum króna árlega í fimm ár til Lýðveldissjóðs. Þetta var mikið fé á íslenskan mælikvarða.

Haustið 1994 samþykkti Alþingi síðan sérstök lög um Lýðveldissjóð og í framhaldi af því var kjörin þriggja manna sjóðsstjórn. Formaður hennar var Rannveig Rist forstjóri en aðrir í sjóðsstjórn voru prófessorarnir Jón G. Friðjónsson og Unnsteinn heitinn Stefánsson. Ritari nefndarinnar var Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis.

Í reglugerð um Lýðveldissjóðs, sem forsætisráðherra gaf síðan út, var gert ráð fyrir skipun sérstakra verkefnisstjórna til að hafa umsjón með umsóknum og gera tillögur um styrki og meðferð fjárins. Háskóli Íslands annaðist að hluta til vörslu fjár og afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Verkefnisstjórnina skipuðu þau Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku við Háskóla Íslands; formaður, Ásta Svavarsdóttir, fræðimaður á Orðabók Háskólans og Þórunn Blöndal, lektor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

Verkefnisstjórnin starfaði áfram eftir að starfstíma Lýðveldissjóðs lauk því enn var eftir að ráðstafa nokkru fé og mikilvægt að hún fylgdi til loka þeim verkefnum sem hún hafði

ytt úr vör. Á degi íslenskrar tungu árið 2001 kom út margmiðlunardiskur, *Alfræði íslenskrar tungu*, sem gerður var í samvinnu við Námsgagnastofnun, í ritstjórn Þórunnar Blöndal og Heimis Pálssonar.

Reynslan sýnir að samning stórra yfirlitsrita er mjög tímafrek. Ákvörðun um þau rit sem hér liggja fyrir var fyrst tekin 1995. Í júní 2003 ákvað svo verkefnisstjórn að semja við Eddu-útgáfu um að hún tæki verkið að sér. Nokkur meðgjöf fylgdi því að enn var óráðstafað nokkru fé. Síðan þá hefur verið unnið að frágangi bókana á vegum Eddu.

Nú er tíminn fullnaður og ritin liggja hér fyrir. Ég óska höfundum og öðrum þeim sem að gerð þessara rita hafa komið, til hamingju. Ég þakka Eddu-útgáfu fyrir að taka við verkefninu þegar starfstíma Lýðveldissjóðs lauk og leggja bæði fé og krafta sín fólks til útgáfunnar. Ég óska Íslendingum með hamingju með þessi stórvirki. Hafi þeir þökk og æru sem unnu að stofnun Lýðveldissjóðs, stjórnðu honum og störfuðu fyrir hann.

Til máls tekur Eiríkur Rögnvaldsson prófessor, formaður verkefnisstjórnar í íslensku.